

„ . . . að losna við einn myndlistarmann úr haughúsi Thorsaranna“

Spjallað við Sverri Ólafsson sem opnar sýningu nú um helgina á Kjarvalsstöðum.

Sverrir Ólafsson. Fæddur 1948. Nám í Kennaraháskóla Íslands 1964—69. Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1973—76. Nám í Englandi 1980—83. Fyrsta einkasýningin 1978. Sýningin á Kjarvalsstöðum sem opnar nú um helgina er sjöunda einkasýning Sverris. Auk þeirra hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga, hér heima og úti.

Eftir HRAFN JÖKULSSON



Skúlptúr.

Hvað ég segi gott? Það fer algerlega eftir því hvernig á málið er litið, skal ég segja þér. Ég er á kafi við að undirbúa sýninguna mína en þarf jafnframt að standa í stríði við borgaryfirvöld, aldeilis makalaus stríði. Ef ég

væri ekki nokkurn veginn algert pólitískt viðrini héldi ég að ég sætti ofsóknum vegna stjórnmalaskoðana. Því er ekki að heilsa. Jæja, komdu nú og fáðu þér kaffi. Viltu kannski heldur pilsner? Nú eða Vodka? Sverrir lóðsar mig í gegnum vinnustofuna, allt er á rúi og stúi við fyrstu sýn: stórvirkar vélar, logsuðutæki, einangrunarplast, koparvirar, verkfæri. Listaverkin heilsa glaðlega, jafn glaðlega væntanlega og á Kjarvalsstöðum nú um helgina. Sverrir bendir inn í dálitla skonsu innan vinnustofunnar: „Gjörðu svo vel,“ segir hann og sviptir fána breska heimsveldisins frá dyrunum.

„Ég notaði bresku duluna fyrst sem rúmteppi,“ segir Sverrir „en það var bara svo fjáru vont að sofa á henni, því miður.“ Upp á vegg hangir annar fáni. Það er fáni þriðja ríkisins þýska.


Í skonsunni er borðskrifli, lúinn stóll og rúmbálkur með svampdýnu. Sverrir bregður sér frá og ég skoða herbergið. Símanúmer hafa verið skrifuð til minnis upp um alla vegg, ég kannast við nöfn ýmissa myndlistarmanna, önnur koma mér spánskt fyrir sjónir. Nema auðvitað Davíð Oddsson, skrifað stórkallalega á vegginn: 18800 og 23856. Og í herberginu kennir ýmissa annarra grasa: fornar snjóþrúgur, glæsilegt módel af flaggskipi Kólumbusar, þrír hárbeyttir goggar, loftbyssu, steinolíuluktir, sjúkukassi, Mein Kamp, bók Hitlers á dönsku (ég verð að muna að spyrja Sverri betur út í pólitíkina, hugsu ég).

Sverrir kemur aftur og hlammar sér niður á rúmbálkinn. Ég spyr fyrst um stríð hans við borgaryfirvöld.

„Forsaga málsins er sú að myndhöggvarar fengu inni á Korpúlfsstöðum fyrir mörgum árum, ég hef t.d. verið hérna síðan 1977. Við fengum vinnustofurnar með þeim skilyrðum að við mokuðum út skítinum sem var í kjallaranum — þetta var upphaflega flór fyrir Thorsarabeljurnar — og endurnýjuðum raflagnir og þess háttar. Í staðinn þurftum við ekki að borga leigu, en vitaskuld fylgdu því útgjöld að gera húsnæðið upp. Það hafði verið að grotna niður árum saman. Álmuna hér við hliðina þurfti til dæmis ekki bara að hreinsa, heldur líka kalka veggina til að drepa bakteríurnar. Við vorum með margar og stórar hugmyndir um hvernig hægt væri að nýta Korpúlfsstaði sem menningarmiðstöð, ekki bara fyrir myndlistarmenn, líka rithöfundu, tónlistarmenn, kvikmyndagerðarmenn, — í rauninni allt galleríið, því aðstaðan er frábær hérna.“ Sverrir þagnar og kveikir í gríðarstórum vindli. Blæs frá sér og hálfyllir kompuna af höfugum reyk. „Nú, nú þegar við vorum búin að gera allt saman upp, kom reikningur: Gjöra svo vel að borga leigu — og það tvö ár aftur í tímann! Flestir myndlistarmennirnir sögðu nú bara takk fyrir og fóru, Gunnar Örn, Helgi Gíslason, Veturlíði Gunnarsson. Það er hins vegar ekki hlaupið að því fyrir myndhöggvara að útvega sér vinnustofu á viðráðanlegu verði, svo ég þungaði út fyrir þessu og var áfram. Ég átti engu kosta vól. Og svo getur þú ímyndað þér hvort ég vildi ekki vera um kyrrt í flórnum hérna!“ Sverrir hlær prakkaralega. Verður svo alvarlegur á svip. „Haustið 1986 gerðist það að heitavatnsleiðsla sprakk þegar ég var í burtu. Nánast allt sem var hérna á verkstæðinu eyðilagðist. Ég þurfti að fara með á annað hundrað myndir á haugana. Sömuleiðis eyðilögðust gífurleg verðmæti í bókum, bæði úr safni föður míns og því sem ég hafði víðað að mér. Verkfæri, efni, teikningar, skyssur, verk eftir aðra myndlistarmenn — nánast allt var ónýtt. Tjónið var upp á milljónir. Þegar ógæfan skall á var ég langt kominn með undirbúning að sýningu í Norræna húsinu. Verkin eyðilögðust öll meira eða minna. Ég gat ekki gert við þau, eða búið þau til upp á nýtt. Það hefðu alltaf orðið önnur verk. Eina nóttina keyrði ég einn míns liðs út í sveit og gróf þau í jörðu. Punktur.“ Hann þagnar og sýpur á glasinu. Hugsu.

— Hvernig tilfinning fylgir því að urða eigin verk út í sveit, ónýtt og óséd af öðrum?

„Hún er ótrúlega skrytín. Þetta var bæði ónotalegt og andstyggilegt. Það er kannski eins og hvert annað óeðli að vilja láta annað fólk njóta þess sem maður gerir. En þannig er ég. Og það ekki kemur til greina



Máluð lágmynd.



Málaður skúlptúr.